



Austurbrú ses. – 13. stjórnarfundur haldinn fimmtudaginn 17. janúar 2013 í starfsstöð Austurbrúar Vonarlandi

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Anna Dóra Helgadóttir, og Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal ásamt Karli Sölva Guðmundssyni framkvæmdastjóra. Rögnvaldur Ólafsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs
2. Húsnæðismál Austurbrúar á Egilsstöðum
3. Vaxtarsamningur – úthlutun 2012
4. Stefnunótun Austurbrúar ses
5. Fjármálastjórn – fjárhagsáætlun 2013 og helstu stöður
6. Fundir og kynningar í Reykjavík 11. janúar
7. Sóknaráætlun landshluta, fundur samráðshóps 14. des.
8. Vinnumarkaðsrannsókn – samningur og samstarf
9. Starfsháttanefnd Austurbrúar
10. Önnur mál
 - Lagarök – Sókn
 - Sjálfbærni verkefni Alcoa – Landsvirkjunar
 - Ákveða næsta stjórnarfund

Formaður setti fund kl. 16.05 og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs staðfestar og undirritaðar

Fundargerðir funda 6. og 19. nóv. hjá framkvæmdaráði staðfestar með undirritun og fundargerð framkvæmdaráðs frá 20. des. kynnt og undirrituð. Fundargerðir 10., 11. og 12. stjórnarfundar staðfestar með undirritun. Búið var að senda og staðfesta þessar fundargerðir í tölvupósti.

2. Húsnæðismál Austurbrúar á Egilsstöðum

Framkvæmdaráð fundaði með Vísindagarðinum vegna Vonarlands í desember. Síðan hefur framkvæmdastjóri verið í frekari samræðum við Stefán Boga sem forsvarsmann Vísindagarðsins. Tillögur hafa komið fram frá Vísindagarðinum um að Austurbrú taki að sér rekstur húsnæðisins og utanumhald leigusamninga í öllum húsunum. Arnbjörg og Skúli ítrekuðu afstöðu sína um að Austurbrú standi ekki í miklum fasteignarekstri. Valdimar, Sverrir og Karl skýrðu út að rætt væri um samkomulag um umsjón gegn þóknun og án áhættu fyrir Austurbrú.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og fá frekari upplýsingar, drög að samkomulagi um slíka umsjón, ástandsskoðun á húsnæðinu á Vonarlandi og annað sem þörf er á til að stjórn Austurbrúar geti tekið upplýsta ákvörðun um framtíð húsnæðismála á Egilsstöðum.

3. Vaxtarsamningurinn – úthlutun 2012

Skúli Björn opnaði umræðu um vaxtarsamningsúthlutun. Flestum umsóknum síðasta árs var hafnað og fjallað hefur verið um það í fjölmiðlum. Austurbrú hefur fengið neikvæða umfjöllun vegna málsins og hæfi starfsmanna verið dregið í efa. Stjórn Vaxtarsamnings hefur sent frá sér yfirlýsingu sem birtist á heimasíðu samningsins en fjármagn síðasta árs verður flutt á þetta ár og auglýst eftir umsóknum í febrúar. Stjórn almennt á því að elta ekki ólar við fjölmiðlaumfjöllun en leggja áherslu á góða kynningu á næstu úthlutun og aðstoða umsækjendur við gerð umsókna. Þó megi draga lærdóm af reynslunni og brýnt að í stefnumótun Austurbrúar verður tekið á því hvernig vaxtarsamningurinn og aðrir „sjálfstæðir“ sjóðir sem eru innan vébanda Austurbrúar „starfi“ í nýrri stöðstofnun.

4. Stefnumótun Austurbrúar ses

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hefst á morgun í stefnumótun fyrir Austurbrú. Innri greining fer fram á eins og hálf dags vinnufundi á Hótel Hallormsstað á föstudag og laugardag. Þar verða starfsmenn Austurbrúar og líka stjórnarmenn og fulltrúar úr fagráði, alls 36 manns miðað við tilkynningar um þátttöku. Þetta er fyrsta lotan í stefnumótunarferlinu sem ætlað er að ljúki seinni hluta marsmánaðar. Stjórnarmönnum lýst vel á vinnuna framundan og lofa að mæta jákvæð til fundar og taka að sér þau hlutverk sem þeim verða fallin.

5. Fjármálastjórn – fjárhagsáætlun 2013 og helstu stöður

Anna Dóra og framkvæmdastjóri eru að leggja lokahönd á fjárhagsáætlun 2013 og mun hún liggja fyrir innan tíðar. Raunstaða um áramót liggur ekki fyrir þar sem eftir er að bóka töluvert. Fjárhagsáætlun og yfirlit um fjármál verða tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

Anna Dóra vék af fundi kl. 17.16.

Valdimar gerði grein fyrir tillögu framkvæmdastjóra um að Anna Dóra verði ráðin í hlutastarf sem fjármálastjóri næstu mánuði til að klára samruna stofnananna og koma fjármálum og ferlum og vinnu vegna þeirra í sem best horf til framtíðar.

Stjórn sammála um mikilvægi þess að koma fjármálunum á hreint sem allra fyrst enda komið nýtt rekstrarár og ófullnægjandi fyrir stjórn og stjórnendur að geta ekki haft lykiltölur á takteinum. Samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að ráða Önnu Dóru í allt að 100% starf, tímabundið til allt að 6 mánaða. Framkvæmdastjóra falið að gera verkáætlun um vinnu vegna fjármála í samráði við hana og leggja hana fyrir stjórn. Stjórn einhuga um að Anna Dóra víki úr stjórn á meðan hún gegnir þessu starfi og varamaður komi inn í hennar stað.

Anna Dóra kom aftur inn á fund kl. 17.36.

6. Fundir og kynningar í Reykjavík 11. janúar

Valdimar og Karl gerðu grein fyrir fundum sem þeir áttu í Reykjavík þann 11. janúar í ráðuneytum, hjá Nýsköpunarmiðstöð og fleiri aðilum vegna verkefna og til að kynna nýjan framkvæmdastjóra Austurbrúar fyrir tengiliðum.

Unnið er að gerð samstarfssamnings við Nýsköpunarmiðstöð og gert ráð fyrir að endanleg drög að honum komi fyrir næsta stjórnarfund.

Framkvæmdastjóri vinnur að framhaldi á ál og fisk verkefnum (Framhaldsvinnsla sjávarfangs á Austurlandi og Áframvinnsla áls á Austurlandi) og leitar eftir fyrirtækjum í samstarf inn í það til að auka það fjármagn sem er á bak við verkefnið. Gert er ráð fyrir minnisblaði um stöðu verkefnisins frá framkvæmdastjóra á næsta stjórnarfund. Samkomulag um stuðning ríkisins liggur fyrir nánast tilbúið til undirritunar og lagði formaður fram drög að því. Heildarfjárhæð styrks til hvors verkefnis fyrir sig er 10 m.kr. og gert ráð fyrir 7 m.kr. á þessu ári.

Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er að hefjast vinna um framtíð menningarsamninga. Menningarfulltrúi og formaður menningarráðs fara til fundar í Reykjavík vegna þess í lok janúar.

7. Sóknaráætlun landshlutanna – fundur 14. desember

Valdimar gerði grein fyrir fundi í samráðshóp um sóknaráætlun landshlutanna sem haldinn var um miðjan desember. SSA gerði fyrirspurn um skiptinguna á bak við það aukafjármagn sem er að koma inn í sóknaráætlun 2013. Það verður tekið til athugunar fyrir næsta ár, voru svör ráðuneytanna. Komin eru drög að samningi vegna sóknaráætlunar til SSA og hefur stjórn SSA gert sínar athugasemdir við þau. Fram hefur komið að ráðuneytin sem standa að sóknaráætluninni horfa til Austurbrúar sem ákveðinnar fyrirmyndar um skilgreindan farveg fyrir fjármagn og verkefni. Ólafur Áki er að vinna að frágangi á tillögum frá Austurlandi eftir stóran fund sem haldinn var hjá samráðshópi svæðisins. Skilafrestur er til 15. febrúar. Lokatillögur verða kynntar fyrir stjórn Austurbrúar og fara til afgreiðslu hjá stjórn SSA.

8. Vinnumarkaðsrannsókn

AFL og Þróunarfélagið sóttu á síðasta ári um fjármagn hjá Vinnumarkaðsráði til að vinna rannsókn á vinnumarkaði á Austurlandi. Ein milljón króna fékkst frá ráðinu en nú er búið að fá fjármagn frá Arionbanka og meira fjármagn frá AFLi í verkefnið. Karl og Sverrir kynntu samstarfssamning um verkefnið sem verður vistað hjá Austurbrú gegn vinnuframlagi.

9. Starfsháttanefnd Austurbrúar

Formaður og framkvæmdastjóri sátu fund starfsháttanefndar 16. janúar. Nefndin mun skila af sér tillögum um siðareglur og reglur um dagpeninga og ferðakostnað á næstunni en í bráðabirgðaákvæði skipulagsskrár voru gefnir 6 mánuðir til að ljúka því.

10. Önnur mál

- a) Bréf frá Lagarökum vegna starfa GCG fyrir Austurbrú. Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður hjá Sókn, fer með málið fyrir hönd Austurbrúar og er að ganga frá svarbréfi með gagnrökum í samráði við formann. Afstaða stjórnar Austurbrúar er óbreytt í málinu.
- b) Sjálfbærni verkefni Alcoa og Landsvirkjunar. Búið er að skrifa undir yfirtöku Austurbrúar á þessu verkefni með formlegum hætti og er vinna við það að hefjast hjá stofnuninni. Samningurinn hljóðar upp á 10 m.kr. á ári.
- c) Stjórnarfundur hjá Ferðamálasamtökum Austurlands. Formaður og framkvæmdastjóri fóru á stjórnarfund hjá FAust í byrjun janúar til að ræða um hvernig samskiptum milli Austurbrúar og FAust verði best fyrir komið. Þau samskipti eru komin í ákveðinn farveg og mun markaðsfulltrúi m.a. sitja stjórnarfundum FAust. Að öðru leyti þarf að móta betur samskipti og samstarf við ferðapjónustuaðila sem aðra hagsmunaaðila í tengslum við stefnumótun.
- d) Breiðdalssetur. Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með stjórn Breiðdalsseturs fyrir skömmu þar sem þeim var kynnt staða setursins.
- e) Norðausturnefndarfé. Arnbjörg spurði eftir því hvort fjármagn til Austurlands úr norðausturnefndarstarfi væri tryggt á þessu ári. Formaður sagði svör ráðuneytisins gefa góð fyrirheit um það.
- f) Næsti stjórnarfundur. Samþykkt að halda næsta stjórnarfund 12. febrúar, á sprengidag eftir hádegi.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið 19.10.

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Sigrún Blöndal

Þórunn Eymundardóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir